

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um toll af «Haut Sauterne».— 13
 Í þóknanlegu brjefi 28. nóvbr. f. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, skýrt mjer frá, að 15. jan,
 hjeraðslæknir á Ísafirði Þorvaldur Jónsson hafi borið sig upp undan því við yður, að
 samkvæmt reikningsúrskurði yðar hafi af 60 pottum af Haut Sauterne, sem hann fjeck
 frá Frakklandi 1887 og sem hann þá greiddi aðflutningsgjald af, 15 aura af potti
 hverjum eða alls 9 kr., ennfremur verið krafizt 30 aura af potti hverjum eða alls 18 kr.,
 þar sem þjer hafið talið að vín þetta heyrði undir «önnur vínföng», sem greiða á 45
 aura aðflutningsgjald af, af potti hverjum. Útaf þessu hefur hjeraðslæknirinn tekið
 fram, að ráðgjafabrjef 14. jan. 1881 muni að líkindum eiga að skilja svo, að þegar
 skýra á orðin «rauðvín» og «önnur vínföng» eigi ekki að taka tillit til litar vinsins
 heldur til efnis þess, hvort telja eigi vínið til heitra vína eða til venjulegra borðvína,
 þannig að tollurinn af öllum heitum vínum, jafnvel þótt þau sjeu rauð, eigi að vera
 45 aurar, en aptur á móti eigi að greiða 15 aura toll af venjulegum borðvínum, enda
 þótt þau sjeu hvít. Samkvæmt þessu ætlar hann, að einungis eigi að greiða 15 aura
 toll af potti hverjum af Haut Sauterne, sem reyndar sje ekki rautt að lit, en að því er
 styrkleikann snertir sje ekki sterkara en venjuleg rauðvín, og þessvegna aldrei sje talið
 með heitum drykkjum. Þess vegna hefur hann beiðst þess, að 18 kr. þær, sem hann
 hefur greitt í viðbót í toll af ofan nefndum vínpottum með þeim ummælum, að hann
 geymdi sjer allan rjett sinn í þessu efni, verði sjer endurborgaðar; en þyki landshöfð-
 ingjanum eigi ástæða til að verða við þessum tilmælum hans, biður hann málið borið
 undir úrskurð minn.

Þjer hafið, herra landshöfðingi, tekið það fram, að þjer verðið að halda fast við
 skoðun þá, sem legið hafi til grundvallar fyrir ofanumgetnum úrskurði yðar á tollreikn-
 ingi Ísafjardarsýslu 1887.

Jeg verð nú einnig að fallast á þessa skoðun yðar, þar sem jeg verð að vera
 yður samdóma um, að «Haut Sauterne» verði að teljast með «öðrum vínföngum», sem
 nefnd eru í lögum 7. nóvbr. 1879, en ekki með «rauðvínum». Með hinum síðarnefndu
 geta auðvitað ekki öll vín með rauðum lit talizt, sbr. ráðgjafabrjef 14. jan. 1881, en
 engin vín með öðrum lit geta það. Þess vegna verður úrskurður sá, sem þjer á sínum
 tíma hafið fellt í þessu máli, að standa óhaggður.

Að endingu skal útaf þessu máli eptirtekt vakin á því, að í þýðingunni á
 nefndu ráðgjafabrjefi 14. jan. 1881 í Stjórnartíðindunum 1881, B. bls. 57 hefur orðið
 villa, þar sem í íslenska textanum í skýringunni á orðinu »rauðvín» í 1. gr. í lögum
 7. nóvbr. 1879, stendur, að „*elki* skuli tekið tillit til litar vins þess, sem ræðir um»,
 þar sem í frumritinu stendur, að „*eigi* skuli eingöngu tekið tillit til litarins».

Þetta læt jeg ekki hjá líða hjer með þjónustusamlega að tjá yður, herra lands-
 höfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

28. dag febrúarmán. 1890.